

Jón Helgi Björnsson

Garðabær, 4. júní 2025
202505-0136/I.M.B.
10.03.01

Umsókn um leyfi til framkvæmda á bakkavörnum við Laxá í Aðaldal

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Jóns Helga Björnssonar, dagsett 21. maí 2025 um leyfi til framkvæmda á bakkavörnum á hólma við Miðfossþoll í Æðarfossum í Laxá í Aðaldal.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Náttúruverndarstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmda á bakkavörnum á hólma við Miðfossþoll í Æðarfossum í Laxá í Aðaldal. Verkefnið þarf að framkvæmast fyrir 13. júní 2025 og mun það taka 4 klukkustundir. Unnið verður að bakkavörn við Laxá til að hefta rof á hólma og skemmd á veiðistað. Notast þarf að við beltagröfu við framkvæmdirnar. Umsögn Hafrannsóknarstofnunar um framkvæmdina fylgdi umsókninni auk greinargerðar um lagfæringu á bakka við veiðistaðinn Miðfossþoll í Laxá í Aðaldal. Talið er nauðsynlegt að færa um 10-13 steina til að ekki étist meira úr eyjunni en þeir hafa færst til í ísstíflum. Með færslu steinanna er hægt að stöðva rofið og vernda veiðistaðinn. Steinarnir liggja í árfarveginum og þarf að endurraða þeim með gröfu sem mun fara eftir ánni þar sem er grýtt og stöðugt undirlag og á bakkanum verður ekið yfir lúpínuvaxinn mel.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu óskaði Náttúruverndarstofnun eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsóknina. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst 3. júní 2025. Í umsögninni kemur fram að um sé að ræða stað- og tímabundnar aðgerðir sem ekki eru líklegar til að hafa veruleg neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins ef framkvæmdum verður hagað eins og þeim er lýst í greinargerðinni. Forðast skal óþarfa rask á bökkum Laxár og gæta þess að ekki berist mengun

frá vinnuvélum sem geta verið skaðleg fyrir lífríkið. Þá þarf að hafa eftirlit með framkvæmdum meðan á þeim stendur. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar bakkavarnir.

Lýsing verkefnis og áhrifamat:

Um er að ræða tímabundna aðgerð við bakka Laxár til að vernda hólma við Miðfosspollinn sem er við þekktan veiðistað. Taka á steina sem hafa borist með ísstíflum árinna og raða þeim við bakka hólman til að vernda hann. Fara þarf með gröfu út í ána til að raða steinum. Um er að ræða einstakt svæði í Laxá, rétt við Æðarfossa og vanda þarf bæði aðgerð við framkvæmdina sjálfa sem og allan frágang á eftir. Vanda skal uppröðun steinanna svo þeir falli sem best inn í umhverfið. Lágmarka skal allt rask í ánni og við árbakka árinna og afmá ummerki vinnuvélar eins og kostur er. Aðgát skal höfð við akstur vinnuvélar við árbakkann og þegar farið er ofan í ána. Fylgja skal slóða eins og kostur er. Gæta skal að því að vinnuvélin sé sem minnst olíusmituð að utanverðu áður en varið er ofan í ána svo lágmarka megi olíusmit. Hafa þarf samband við svæðissérfræðing í Mývatnssveit í tíma áður en farið er af stað í verkið svo hægt verði að hafa eftirlit með framkvæmdinni. Framkvæmdin er ekki talin hafi verulega neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins ef skilyrðum leyfisins er fylgt eftir.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Jón Helga Björnssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum bakkavarna í Laxá í Aðaldal sbr. lýsingu hér að ofan. Framkvæmdir skulu fara fram fyrir 13. júní 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Þar sem þörf er á að fara með gröfu skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að trufla dýralíf að óþörfu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

- Þar sem framkvæmd fer fram á varptíma skal sérstakrar varúðar gætt og lágmarka truflun á fuglalífi eins og kostur er.
- Einungis skal aka gröfu að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg og vatn. Vinnutæki skulu þrífín að utanverðu áður en farið er með þau í ána til að koma í veg fyrir olíusmit í vatnið.

Leyfi annarra landeigenda gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Fiskistofu þarf fyrir framkvæmdunum.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllt

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur

Dagbjört Jónsdóttir
sérfræðingur